

Nd.

207. Nefndarátt

um frv. til laga um friðun hjera.

Nefndin er sammála fyrverandi stjórn um það, að rjett væri að flytja hjer inn hjera, ef ekki þætti líklegt, að þeir myndu valda skemdum á landi o. fl. En um þetta þýðingarmikla atriði hefir henni gengið treglega, að afla staðgóðra upplýsinga.

Eftir ýmsum bókum að dæma fer því fjarri, að hjerar sjeu algjörlega skaðlaus dýr. Hin alkunna danska búnaðarfræði »*Landmandsbogen*« telur þá

»mjög skaðleg dýr« fyrir sveitabændur. *Brüel*: »Bidrag til det praktiske Skogbrug«, segir þá nærgöngula í harðindum, eta alt, sem tönn festir á, engar girðingar halda þeim, nema þjett net, sem óviðast verði komið við, og enga leið til þess að útrýma þeim, nema skjóta þá. *Collet*: »Norges hvirveldyr«, segir þá hafast mest við í skóglendi, eta allskonar gras, helst smára, ber, en líka mýrgresi, bita nýgræðing í skógum, naga börk af birki og reynivið, einkum í harðindum. Þá leita þeir oft á nóttum inn í kálgarða og eru sólgirnir í kál.

Eftir þessum ummælum merkra fræðimanna að dæma, þótti nefndinni það vafamál, hvort áhættulaust væri að flytja hingað hjera, og auk þess viðbúið, að rót þeirra í jarðvegi gæti valdið uppblástri í sumum hjeruðum. Hún leitaði því umsagnar Kofod-Hansens skógræktarstjóra. Málið snertir hann flestum framar. Hann ritaði nefndinni brjef dags. 17. júlí 1914, sem prentað er með álitni nefndarinnar.

Nefndin vill ekki fullyrða, að brjef þetta taki af allan vafa, en hún átti ekki kost á því, að spyrja skógræktarstjóra K. H. frekar, vegna þess, að hann fór burtu úr bænum.

Að öllu athuguðu, telur nefndin þó líklegt, að gagn verði nokkurt af hjerunum og ekki tilfinnanlegur skaði, að hjer sem annarsstaðar kjósi menn heldur, að hafa hjerana en ekki. Hún er því ekki mótfallin, að frv. sje samþykkt.

Alþingi 24. júlí 1914.

Skúli Thoroddsen,
formaður.

Guðm. Hannesson,
ritari.

Hjörtur Snorrason. Þórarinn Benediktsson og Einar Jónsson.

Þar sem 2 alþingismenn hafa skorað á mig, að láta í ljós skoðun mína viðvikjandi innflutningi á hjerum, skal jeg taka fram það, sem hjer segir:

Í þeim löndum, þar sem þessi veiðidýr eiga heima, álíta skógræktarmenn svo, að þau geri talsverðan usla í ræktuðum skógum, með því að bita plönturnar í nýstofnuðum gróðrarstöðum. Þetta gera þau þó varla í stórum stýl, nema í hörðum vetrum, þegar skortur er annars fódurs, og geta þau þá stundum líka flýsjað börkinn á ungum trjám. Oft kemur fyrir, að hjerar fara á nóttum inn í kálgarða, og eta af káli og öðrum plöntum, og geta þá valdið mönnum tjóni á þann hátt. Hins vegar er óhætt að fullyrða, að hvergi mundu menn óska, að missa hjerana, þó að þessi dýr stundum geti gert skaða.

Í ræktuðum skógi hjer á landi geta hjerar gert skaða að eins í græðireitum, en hjer er um smá svæði að ræða, svo að hægt væri, að vernda þau fyrir hjerum, með því að setja upp virnet. Hið sama má segja um kálgarðana.

Að því er snertir óræktað land, þá mun sá skaði, sem hjerarnir geta gert, ávalt vera litilvægur í samanburði við þann, sem sauðfje gerir á gróður landsins.

Loksins væri hægt að gjöreyða hjerunum, þegar menn vilja ekki hafa þá lengur í landinu, en mörg ár myndu liða, áður en slíkt yrði nauðsynlegt. Jeg vil þess vegna mæla fram með því, að hin fyrirhugaða tilraun, að flytja inn hjera í landið, sje framkvæmd sem fyrst.

Reykjavík 17. júlí 1914.

Virðingarfylst

A. F. Kofod-Hansen.

Til
Alþingis